



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 9. mars 2023

KYNNINGARBLAÐ



Skrautsteinum prýtt andlit gefur glit og glampa í augu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Speglar sálar

thordisg@frettabladid.is

Áberandi „eyeliner“ er eitt af tískutrendum ársins, samkvæmt tiskubibliunni Vogue. Kattaraugu eru enn og aftur í tísku, þegar augnblyantur er sveigður upp til hliðanna við enda efra augnloks, en nú má gera gott betur og draga þykkann augnblyant út frá neðri augnkróknum líka þar sem hann sameinast línunni á augnlokinu. Þessi aðferð kallast „siren eyes“ og hefur verið einkar vinsæl á TikTok þar sem hún er sýnd af mörgum flinkum í förðun. Útkoman getur í senn orðið rómantísk í anda gotneskra tiskustrauma eða svolítið lifuð og sjúskuð í anda „grunge“-tiskunnar. Í dag eru nýjustu augnblyantarnir orðnir viðráðanlegri en áður, það er auðveldara að beita þeim og lúkkið helst lengur eftir alla fyrirhöfnina.

Andlitsskart er flott viðbót í förðun, hvort sem fólk vill setja glitrandi steina í kringum augnumgjörðina, stöku freknur eða glitrandi munstur á andlitið.

Augabrúnir eru látlausari og grennri en verið hefur og á tiskupöllum hefur færst í aukana að fyrirsætur séu með aflitaðar augabrúnir sem gerir þær næstum gegnsæjar. Sumir áhrifavaldar hafa gengið skrefinu lengra og rakað augabrúnirnar af, sem er enn eitt afbrigðið af tísku vors og sumars og leggur enn meiri áherslu á fallega málaða augnumgjörð. ■



Starfsfólk verslunarinnar leggur mikla ástríðu og metnað í að þjónusta og hjálpa viðskiptavinum. Á myndinni frá vinstri eru: Inga, Elísabet, Birta og Ingunn.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Búðin sem hefur brotið blað í tiskusögu landsins í tólf ár

Tískuverslunin Curvy fagnar tólf ára afmæli og býður í afmælisveislu um helgina. Verslunin sérhæfir sig í því að bjóða upp á falleg og vönduð tiskuföt í fjölbreyttum stærðum. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól

Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Fríða segir það gaman að sjá hversu breiður aldurshópur sæki verslunina heim, en þar má finna fjölbreytt úrval af fallegum tiskufatnaði.



Curvy er með frábært úrval af fallegum sundfatnaði og undirfötum.



Sumarflíkurnar eru komnar í Curvy og segir Fríða að dragtir í alls konar björtum og fallegum litum verði áberandi í vor og sumar.

„Ótrúlegt en satt, þá byrjaði þetta allt í bílskúrnum árið 2011. Ég var 23 ára gömul og var að vinna sem grafískur hönnuður en hafði líka mikla reynslu af búðabransanum. Ég var nýbúin að eiga stelpuna mína, fann að líkaminn hafði breyst töluvert og það var orðið nánast ómögulegt fyrir mig að finna fót sem pössuðu og mér fannst flott,“ segir Fríða Guðmundsdóttir, eigandi Curvy.

Á þessum tíma hélt Fríða úti tiskubloggi á netinu. „Þannig fann ég að það sem ég var að leita að var vissulega til, en bara ekki á Íslandi. Það voru kannski tvær eða þrjár verslanir á Íslandi sem buðu upp á fjölbreyttari stærðir og í mörgum tilfellum fannst mér sniðin og stillinn á þeim klæðnaði ekki henta mér. Mér fannst vanta meiri fjölbreytni og þá snið sem gætu líka hentað yngri konum.“

Draumurinn rætist

„Ég fann frá mörgum lesendum mínum að þeir voru sammála mér um að það vantaði meiri fjölbreytni í „plus size“ tiskuna á Íslandi og fann að það vantaði klárlega eitthvað á markaðinn á Íslandi. Draumurinn var alltaf að opna verslun og þarna sá ég tækifæri sem ég gat ekki hunsað. Ég bar þessa hugmynd undir mömmu sem fannst ég vera alveg galin, en gat þó ekki annað en haft trú á dóttur sinni sem var sannfærð um að þetta ætti eftir að slá í gegn. Eftir góðan tíma og mikla rannsóknarvinnu tók ég afskarið, hafði samband við nokkur erlend merki sem voru að fókusa á stærri stærðir og eftir það byrjaði boltinn að rúlla.“

Árið 2011 fór curvy.is í loftið sem netverslun. „Fyrst átti þetta bara að vera netverslun en vatt svo fljótt upp á sig. Við enduðum á að

innrétta bílskúr eins og litla búð og tókum þar á móti viðskiptavinum sem vildu fá að skoða vörurnar og máta. Ég fékk mjög mikla hjálp frá foreldrum mínum og má segja að þetta hafi þróast strax í að verða fjölskyldufyrirtæki,“ segir Fríða.

Breiður hópur viðskiptavina

Haustið 2012 var fyrsta fataverslun Curvy opnuð í Nóatúninu. „Síðan þá höfum við stækkað jafnt og þétt og flutt búðina í tvígang. Í dag er verslunin við Fellsmúla 26 og höfum við reglulega bætt við okkur fleiri merkjum, vöruflokkum og erum hvergi nærri hættar.“ Fyrst byrjaði verslunin með fatnað í stærðum 42–60 en smátt og smátt bættust við sundföt, íþróttaföt og breiðari skór. „Nú síðast bættust við undirfötin en þau komu mikið á óvart og hafa slegið þvilíkt í gegn hjá okkur.

Það er ótrúlega gaman að sjá hversu breiður aldurshópur kemur til okkar en það er ekki óalgengt að sjá mæðgur koma saman að versla. Svo höfum við árlega boðið upp á fermingarlinu sem hefur ávallt verið vel tekið. Við reynum líka að stilla verðinu í hóf en höfum því miður barist við verðhækkanir hjá birgjum eins og aðrar verslanir hér á landi. Sem betur fer höfum við náð að hagræða í rekstri til þess að halda verðhækkunum í lágmarki,“ segir Fríða.

Tólf ár í tiskunni

Curvy fagnar tólf ára afmæli í ár. „Við hefjum afmælishelgina okkar strax í dag, fimmtudag, og verðum með léttar veitingar í búðinni. Þá ætlum við að bjóða 20% afslátt af öllum vörum út sunnudag. Fyrstu þrjátíu viðskiptavinir sem versla fyrir yfir 12 þúsund krónur fá gjafapoka og tveir heppnir geta



Fríða Guðmundsdóttir stofnaði Curvy fyrir tólf árum þegar hún kom auga á að úrvalinu af tiskufatnaði í fjölbreyttari stærðum var afar ábótavant á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Curvy býður í tólf ára afmælisveislu sem stendur yfir frá deginum í dag til sunnudags. Afslættir, gjafapokar og vinningar.

Þetta viðfangsefni hefur verið mér mikið hugleikið í mörg ár og mér finnst rosalega mikilvægt að halda umræðunni gangandi um jákvæða líkamsmynd og að allir líkamar séu fallegir.

Fríða Guðmundsdóttir

unnið 20 þúsund króna gjafabréf. Svo verður líka smá sprell inni á samfélagsmiðlunum okkar í tilefni afmælisins þar sem við birtum vísbendingar um fjölda afsláttarmiða sem við felum um alla búð fyrir heppna viðskiptavini að finna.“

Allir líkamar eru fallegir

Að sögn Fríðu hefur margt skemmtilegt átt sér stað síðustu tólf árin. „Við höfum verið óhræddar við að prufa nýja hluti til að vekja athygli á Curvy og því sem við stöndum fyrir. Sem dæmi tókum við þátt í verkefni með Sögu Lund árið 2013. Þar hélt ég fyrirlestur með fleiri góðum konum á námskeiði þar sem yfirskriftin var Líkamsvirðing – sjálfsvirðing: Frá átökum og ófgum yfir í vellíðan, virðingu og sátt. En þetta viðfangsefni hefur verið mér mikið hugleikið í mörg ár og mér finnst rosalega mikilvægt að halda umræðunni gangandi um jákvæða

líkamsmynd og að allir líkamar séu fallegir. Við leggjum mikla áherslu á samfélagsmiðlana okkar og notum okkur sjálfar mjög mikið þegar við sýnum fötin á Instagram. Okkur finnst mikilvægt að hafa fjölbreyttar týpur og líkama sem sýna fötin.

Sem betur fer hefur úrvalið orðið töluvert betra hér á Íslandi á síðustu tólf árum. En það sem mér finnst við hafa fram yfir margar aðrar verslanir er að starfsfólkið sem vinnur hjá okkur hefur svo mikla ástríðu og metnað til að þjónusta og hjálpa. Við tengjum algjörlega við þennan vanda að finna á sig fót sem passa og manni líður vel í. Viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með að hafa það úrval og þann valkost sem Curvy býður upp á,“ segir Fríða.

Fyrir dömur og bráðum herra

„Við erum ávallt með augun opin fyrir nýjum merkjum og eru dönsku merkin Kaffe Curve og Zizzi vinsælustu merkin okkar. Nýlega bættist við í hópinn Fransa Plus. Þessi merki bjóða öll upp á vandaðan fatnað í stærðum 42–60 og úrvalið er ótrúlega gott,“ segir Fríða. Að sögn Fríðu munu spennandi hlutir gerast í haust. „Þá eigum við von á herralínu, en við munum auglýsa það betur síðar,“ segir hún.

„Tískan í dag hefur breyst svo mikið og það eru engin boð og bönn lengur. Þú mátt einfaldlega klæðast því sem þú vilt og finna þinn eigin stíl. Og eitt af því sem okkur finnst skemmtilegast er þegar við fáum fyrirsurnir eða sérstakar óskir um ákveðna vöru. Þá förum við af stað og höfum samband við alla birgja til þess að geta svo boðið upp á hana í búðinni,“ segir Fríða.

Vor- og sumarvörurnar streyma inn núna og er búðin einstaklega björt og með glaðlegt yfirbragð. „Dragtir í alls konar litum eru mikið að koma inn núna. Bjartir tónar eins og lavender, ljósappelsínugulur, grænn og ljósblár eru mjög áberandi fyrir sumarið. Við finnum líka að margir Íslendingar eru á leið til útlanda í hitann og því er mjög mikil sala í sundfötum og léttari sumarklæðnaði.“

Sterk netverslun skipti máli

Að sögn kom það sér vel að vera með sterka netverslun í faraldrinum. „Á þeim tíma fór mestöll salan í gegnum curvy.is og það bjargaði okkur algerlega á þessum tíma að hafa lagt metnað í hana á sínum tíma. Í dag er þó auðvitað mun meira líf í búðinni sem okkur finnst að sjálfsgöðu miklu skemmtilegra.

Netverslunin stendur þó enn sterk og þjónustar landsbyggðina prýðilega. Ég held að í og eftir Covid hafi Íslendingar svolítið uppgötvað þessi þægindi sem það er að panta á netinu og fá sent heim. Við í Curvy bjóðum upp á fría heimsendingu og fjórtán daga skilafrest svo það er auðvelt að panta og skila ef varan passar ekki.

Curvy-ævintýrið heldur áfram og það er ótrúlega gaman að geta fagnað tólf ára afmælinu í ár og líta stolt til baka með það í huga að við höfum brotið blað í sögu tiskuverslunar á Íslandi þegar kemur að fatnaði í fjölbreyttari stærðum og jákvæðri líkamsmynd,“ segir Fríða að lokum.

Curvy er staðsett að Fellsmúla 26 í Hreyfilshúsinu við Grensásveg. Netverslun: curvy.is. Sími: 581-1552.



ES&SY Una kvartermabolur
Fleiri litir til
Stærðir 36-46

ES&SY Nila skyrta
Stærðir 38-46
Verð 8.980 kr

ES&SY Tati kjóll
Stærðir 36-46
Verð 8.980 kr

ES&SY Milan blazer jakki
Til í mörgum litum
Stærðir 36-46
Verð 8.980 kr

YEST/VESTA frakki
Stærðir 42-48
Verð 24.980 kr



STUDIO Alida kjóll með blómum
Stærðir 38-56
Verð 14.980 kr

STUDIO Emilie skyrta
Fleiri litir til
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr

GOZZIP Johanne skyrtukjóll
Fleiri litir til
Stærðir 36-56
Verð 17.980 kr

GOZZIP Alicia kjóll
Stærðir 38-56
Verð 21.980 kr

GOZZIP Hilde köflótt kápa
Stærðir 38-56
Verð 30.980 kr



FRANDSEN úlpa
Fæst líka í svörtu og gráu
Stærðir 38-54
Verð 29.980 kr

FRANDSEN létt dúnúlpa
Fleiri litir til
Stærðir 38-54
Verð 23.980 kr

FRANDSEN létt dúnvesti
Fleiri litir til
Stærðir 40-54
Verð 18.980 kr



TAMARIS inniskór
Fleiri litir til
Stærðir 37-42
Verð 9.990 kr



TAMARIS Comfort götuskór
Stærðir 37-42
Verð 21.990 kr

TAMARIS casual business skór
Stærðir 37-42
Verð 18.990 kr

Handtöskur í áranna rás

Handtöskur eru fylgihlutir sem breyst hafa í takt við tiskustrauma áratugum saman. Sumar töskur verða klassískar á meðan aðrar eru kannski best geymdar í fortiðinni.

sandragudrun@frettabladid.is

Á sjötta áratug síðustu aldar olli efnahagsuppsveiflan eftir stríð byltingu í tisku. Á tíma ofur-fágaðrar tisku var mikilvægt að handtaskan passaði við hattinn, skóna og aðra fylgihluti sem konur þess tíma báru.

Ný töskuefni komu á markaðinn og farið var að nota plexigler til skrauts, oft með marmaraáferð eða einfaldlega glært. Einnig var málmskraut áberandi og setti punktin yfir i-ið á heildarútliti töskunnar.

Guccio Gucci hannaði á þessum tíma handtösku með handföng úr bambus en það var Chanel sem gerði byltingarkenndustu tösku áratugarins. Það var vatteruð leðurtaska með axlaröl úr langri keðju. Taskan kallast 2.55 og nýtur mikilla vinsælda enn þann dag í dag.

Á sjötta áratugnum jókst frelsi í tisku kvenna sem varð til þess að yngri kynslóðir slepptu gjarnan handtöskunni alfarið og notuðu frekar kjóla með hagnýtum vösum. Þegar vasar voru komnir á kjólana var handtaska ekki lengur nauðsyn en hún var þó leið til að skapa sinn eigin stíl.

Bóhemstíll

Á sjöunda áratugnum varð hönnunin á handtöskum gjarnan frjálslægri í anda hippatískunnar. Töskur þessa tíma voru oft gerðar úr mjúku leðri með langri ól og því hægt að hengja yfir líkamann og hafa hendurnar frjálсар.

Þegar níundi áratugurinn gekk í

Litríkar handtöskur spruttu fram á Covid-tímanum en svarta handtaskan stendur þó enn fyrir sínu.

garð með sína hömlulausu neyslu-hyggju og maximalískan stíl var handtaskan ein leið til að tjá stíl sinn. Fendi-töskur sem voru vinsælar á sjöunda áratugnum urðu vinsælar aftur og hin fræga Birkin-taska leit dagsins ljós.

Handtöskur héldu áfram að þróast næstu árin, ný merki litu dagsins ljós og eldri töskur voru endurhannaðar og nutu vinsælda á ný.

Á fyrsta áratug þessarar aldar var oft langur biðlisti eftir vinsælustu handtöskunum. Paddington-taskan varð mjög vinsæl árið 2005 og seldist upp áður en hún kom í verslanir. Taskan vó meira en kíló þökk sé veglegum hengilás sem hékk til skrauts á henni.

Á næsta áratug urðu stærri handtöskur vinsælar, sérstaklega þær sem kallast Luggage tote, en í þær væri jafnvel hægt að pakka farangri til heillar helgar.

Þriðji áratugur þessarar aldar hófst með fordæmalausum tímum, eins og við vitum öll. Fólki varði meiri tíma heima hjá sér en áður svo það er kannski engin tilviljun að koddalaga töskur urðu vinsælar. Einn helsti addáandi þeirra er söngkonan Rihanna sem reglulega hefur sést með slíka tösku.

Litríkar töskur spruttu einnig fram á Covid-tímanum, enda höfðu kannski margir þörf fyrir smá lit í lífið. Svarta taskan stendur þó enn fyrir sínu og gerir líklega um ókomna tíð. ■



Chanel 2.55-taskan kom fram á sjónarsviðið á sjötta áratugnum en hún nýtur enn mikilla vinsælda.



Paddington-taskan sló í gegn árið 2005 en stór hengilás einkenndi hana. Taskan var vinsæl hjá stjörnum á borð við Tori Spelling.



Rihanna með koddalaga heimsfaraldurs-handtösku.

Liprari liðir, alla daga

BUILD-YOUR-JOINTS fyrir bættan hreyfanleika, uppbyggingu brjósks og heilbrigði liða

40 mg
Kollagen týpa II

100 mg
Viðisbörkur

50 mg
Kúrkúmín

2,5 mcg
D3-vítamín

GOOD ROUTINE® fæst í Apótekaranum, Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Lyf og heilsu, og á goodroutine.is

KAVITA

Fendi-leður-töskur voru vinsælar á sjöunda áratugnum og aftur á þeim níunda.

Handtöskur hafa fylgt tiskustraumum og margar verða klassískar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mundu eftir þér á hverjum degi!

Brosandi með burnirót

Náttúruleg & kröftug
blanda fyrir aukna orku
& hamingju

Íslensk burnirót
með einstaka virkni



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Strútsfjaðrir, silki og eitís hjá Victoriu Beckham

Fína kryddið, Victoria Beckham, sýndi glæsta hönnun sína í annað sinn á tiskuvikunni í París sem lauk á þriðjudag. Þar gengu heimsfrægar ofurfyrirsætur, eins og Irina Shayk og Adut Akech, tiskupallana og sýndu fjölbreytta tiskulínu Victoriu fyrir haust og vetur komanda.

thordisg@frettabladid.is

Að sýningu lokinni sagðist Vict-
oria hafa orðið fyrir innblæstri frá
kvikmyndinni Grey Gardens. Var
kynningarefni fyrir haust- og vetr-
arlínuna unnið með bandarísku
leikkonunni Drew Barrymore sem
lék aðalhlutverkið í kvikmyndinni
árið 2009 en myndin er byggð á
samnefndri heimildarmynd eftir
bræðurna og leikstjórana Albert
og David Maysles frá árinu 1975. Sú
mynd fjallaði um heldri mæðgur
sem báðar hétu Edith Bouvier
Beale og voru náfrænkur forseta-
frúarinnar Jackie Kennedy Onassis
en bjuggu einangraðar og í sárri
fátækt í niðurníddu höfðingja-
setrinu Grey Gardens.
„Ég elska ríkulega litapallett-
una í myndinni og hversu sér-
vitur, heimspekilegur og tímalaus
stillinn er,“ útskýrði Victoria á
Instagram.

Með fjölskylduna á bekknum
Smekkvísí Victoriu Beckham er
óumdeild. Fagurfræðin á bak
við hönnun hennar er þægilegur

glæsileiki sem hún sýndi og sann-
aði með haust- og vetrarlinunni í
París. Þar voru til staðar fastir liðir
sem einkenna stíl hennar, svo sem
rúllukragar, aðsniðnar skyrtur og
buxur sem liggja þétt að líkam-
anum, en líka óvænt tvíst eins og
eggjandi leður, gallaefni og lúxus
strútsfjaðrir á pílsum og drögtum.
Fataefni spiluðu líka stórt hlut-
verk, eins og silkikjólur sem blöktu
með stórum og áberandi ermum.
Victoria virtist einnig undir áhrif-
um 9. áratugarins, sýndi blazer-
jakka og kjóla í yfirstærðum og
sumt var með herðapúðum.
Á fremsta bekk sátu stjörnu-
blaðamenn tiskuheimsins, Anna
Wintour, ritstjóri bandaríska
Vogue, og Edward Enniful, ritstjóri
breska Vogue. Einn-
ig hennar ástkæri David
Beckham og þrjú barna
þeirra, þau Cruz og Harper
og Brooklyn með eigin-
konunni Nicolu Peltz,
en Romeo var sá eini úr
fjölskyldunni sem ekki
var viðstaddur.
Victoria, sem
öðlaðist heims-
frægd fyrir að vera
ein af stúlknasveit-
inni Kryddpíunum
(e. Spice Girls),
stofnaði tisku-
hús í eigin nafni
árið 2008 og selur nú
hönnun sína í 250 verslunum í
52 löndum. Árið 2019 bættist við
snýrtivörulínan Victoria Beckham
Beauty. ■



Victoria er þekkt fyrir ást
sína á rúllukrögum. Bux-
urnar eru með krókódíla-
mynstri og stígvélin í stíl.

Æðislegur svartur og ermalaus síð-
kjóll með opinni klauf fyrir veturinn.



Victoria Beck-
ham er annáluð
fyrir fagaðan
glæsileik eins
og sjá má frá ný-
liðinni tiskuviku
í París.

FRÉTTABLAÐID/
GETTY

Eiturgrænn og eitursvalur einnar
ermar kjóll og netasokkarbuxur við.



Kóngablá rúllu-
kragapeysa við
hvítt, svart og
gultgrænt pils
sem er skreytt
með svörtum
strútsfjöðrum.



Eldrautt minípils við
eldrauða þrjónaða peysu
sem flaksar að aftan eins
og hluti af pílsi eða kápu.



Skósiður síðkjóll með strúts-
fjaðramynstri og síðum ermum.



Svört kápa við hvítan rúllukraga og
hvítar buxur með svörtum liningum.



Glæsilegur silkikvöldkjóll með
síðum ermum og opinn að framan.



Töff, grá rúllukragaprjónapeysa við
skósið gallapils með fleginni klauf.



Pliseraður, marglita
toppur á litríkum síð-
kjól sem skreyttur er
strútsfjöðrum.



Ferskjubleikur
síðkjóll með
slóða, púff-
ermum, slaufu
og perlum.



Blá, skósið buxnadragt með að-
sniðnum jakka og fölbláum fjöðrum.



Ermarm sem ná fram yfir hendurnar
verða áberandi hjá Victoriu í haust.



Luxaflex®

Luxaflex® Duette® gluggatjöld



Luxaflex Duette býður upp á hundruð mismunandi efna sem gerir það mögulegt að sameina áferðir, liti og flekabreiddir. Með Duette lausnum getur þú gert heimili þitt einstakt. Duette er hægt að fá rafstýrð með Luxaflex Power View. Komdu við í sýningarsal okkar að Víkurhvarfi 2 og skoðaðu möguleikana eða kíktu á www.zenus.is.

ZENUS | Víkurhvarfi 2 | 203 KÓPAVOGI | S: 554 2450 | www.zenus.is

ZENUS



Stílhrein svört jakkaföt brydduð með silfurlit-uðum perlum í Christchurch í Nýja Sjálandi í janúar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Litríkur á lokametrum

Tónlistarmaðurinn Elton John lýkur síðustu stóru tónleikaferð sinni í Svíþjóð í sumar. Hann mun meðal annars bjóða upp á lokaatriði Glastonbury-tónlistarhátíðarinnar í sumar.

starri@frettabladid.is

Síðasta tónleikaferðalagi Elton John lýkur í Stokkhólmi í júlí næstkomandi. Tónleikaferðalagið, sem ber heitið Farewell Yellow Brick Road, hófst í Bandaríkjunum í september 2018 og þegar yfir lýkur hefur hann komið fram á rúmlega 300 tónleikum víða um heim. Hann lauk árinu 2022 í Bandaríkjunum og byrjaði nýtt ár með tónleikum í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi.

Stórstjarnan, sem verður 76 ára þann 25. mars, heldur fjölda tónleika á Bretlandseyjum í mars og apríl áður en hann heldur yfir til Þýskalands.

Elton John mun einnig koma fram á tónlistarhátíðinni í Glastonbury þann 25. júní en þetta verður í fyrsta sinn á löngum ferli sem hann kemur fram á þeirri hátíð. Tónleikarnir verða lokaatriði hátíðarinnar og um leið loka-tónleikarnir á síðustu tónleikaferð hans um Bretland.

Elton John hefur löngum verið þekktur fyrir litríkan og skrautlegan fatnað auk áberandi gleraugna. Í seinni tíð hefur hann tónað sig aðeins niður en hann er alltaf smekklegur til fara. Lítum á nokkrar myndir af stjörnunni frá tónleikaferð síðustu mánaða. ■



Blátt og grænt blómamunstur á hvítum jakka í Sydney í Ástralíu í janúar 2023.



Elton John kemur fram á rúmlega 300 tónleikum víða um heim á tónleikaferðalaginu Farewell Yellow Brick Road.



Blár, rauður og grár litur setur skemmtilega svip á jakkann í Los Angeles.